

**From:** [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)  
**To:** [Íbúaráð Laugardalur](#); [Laugardalslaug](#); [skipulag@veitur.is](#)  
**Subject:** Skeifan 7 og 9 - USK24050162  
**Date:** fimmtudagur, 9. janúar 2025 13:31:19  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[image002.png](#)

---

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Skeifan 7 og 9 - USK24050162, birtist í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu í dag, fimmtudaginn 9. janúar 2025. Tillagan er í kynningu frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/18>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### **Skeifan-Fenin - Skeifan 7 og 9**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. desember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. desember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fenin vegna lóðanna nr. 7 og nr. 9 við Skeifuna. Í breytingunni sem lögð er til felst m.a. að sameina lóðirnar og afmarka þær í eina nýja lóð að viðbættu borgarlandi að Suðurlandsbraut, rífa niður þær byggingar sem fyrir eru á lóðunum og reisa nýja byggingu með íbúðum og atvinnuhúsnæði á nýrri sameinaðri lóð. Byggingin verður að mestu leyti 4 til 6 hæða með randbyggð umhverfis upplýftan garð, en þó 8 hæðir á norðvesturhorni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 20. febrúar 2025**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



**Með kveðju,**  
**Þuríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14  
105 Reykjavík  
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.